

Mikil ljósmyndasýning var opnuð í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í dag. Sýningin byggir á ævistarfi Ólafs Magnússonar sem var einn helsti ljósmyndari landsins á fyrri hluta 20. aldar:

Konunglegur hirðljósmyndari

Sérstaða Ólafs felst til að smynda í því að hann sérhæfir sig í landslagsmyndatökum sem hann svo stækkar upp og handlitar. Hann var fyrstur Íslendinga til að halda ljósmyndasýningu erlendis sem var árið 1928 í

Kaupmannahöfn,“ segir Inga Lára Baldvinsdóttir sagnfræðingur sem starfað hefur um árabíl við ljósmyndasafn Þjóðminjasafnsins.

Afkastamikill og vinsæll

Í Hafnarhúsinu er athyglisverð ljósmyndasýning á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Sérfræðingar safnsins hafa undanfarið unnið að rannsóknum á myndasafni Ólafs Magnússonar sem var einn helsti ljósmyndari Íslendinga á fyrri helmingi 20. aldar, afkastamikill og vinsæll ljósmyndari. Ólafur er fæddur árið 1889 en árið 1913 hóf hann að taka myndir og er að fram í andlátíð árið 1954.

„Ólafur rak ljósmyndastofu í Templarasundi í yfir 40 ár og skilur eftir sig stórt safn frá ljósmyndastofu sinni, alls 44.000 plötur. Hann varð strax vinsæll ljósmyndari og hafði viðskiptavit í góðu lagi,“ segir Inga Lára.

Sem dæmi um það var myndasjálfsali einn mikill, sem Ólafur flutti til landsins árið 1930 fyrir passamyndir, einn af þeim fyrstu sinnar tegundar í



ÞÓRSMÖRK

Gott dæmi um list Ólafs ljósmyndara. Ímálaðar og stækkaðar landslagsmyndir hans nutu mikilla vinsælda sem heimilisprýði, til jafns á við verk listmálara.

„Hann varð strax vinsæll ljósmyndari og hafði viðskiptavit í góðu lagi.“

heiminum, og eru margir Íslendingar sem þekkja hann.

Ímálaðar ljósmyndir heimilisprýði

„Hinar stækkuðu handlituðu myndir hafði Ólafur svo til hlíðar og hafa þær prýtt heimili fjölmargra Íslendinga. Stundum eru þetta engar smáræðis myndir því hann gaf þær út í allt að tveggja metra stærð,“ segir Inga Lára. Og ef hún á að tiltaka eitt-hvað eitt öðru fremur hvað varðar menninngarlegt gildi mynda Ólafs nefnir hún hinar handlituðu landslagsmyndir: „Þær höfðu gríðarleg áhrif á sýn þjóðarinnar á landið. Þar með á upplifun þjóðarinnar á landinu sem einskonar tákn fyrir þjóðernið. Hann á ekki síður sinn þátt í því en íslenskir landslagsmálarar.“

Íslenskir listmálarar eru ekki mjög margir þó þeim hafi farið fjölgandi upp úr 1920. Þeir önnuðu engan veginn eftirspurn en myndir voru þá sem nú heimilisprýði og vinsælar í brúðkaups- og afmælisgjafir. Ólafur litaði í landslagsmyndir sínar ýmist með vatnslitum, eins og algengast var, sem og olíulitum. Þá gerði hann mikið af því að blárita myndir með sérstakri blöndu sem hann hafði sjálfur uppfund- ið.

Árið 1922 er Ólafur sæmdur titlinum konunglegur danskur hirðljósmyndari. Var það í kjölfar þess að hann hafði verið í föruneyti Kristjáns X í konungskomunni árið 1921 og myndað hinn danska konung og Alexandrínu konu hans við ýmis tækifæri.



INGA LÁRA BALDVIÐSDÓTTIR

Ólafur Magnússon hafði gríðarleg áhrif á sýn þjóðarinnar - upplifun hennar á landinu og þannig þjóðernið.



ÓÞEKKTA STÚLKÁN

Þó hinar ímáluðu landslagsmyndir Ólafs ákvarði einkum sérstöðu hans var hann jafnframt mikilvirkur portrettljósmyndari og rak vinsæla ljósmyndastofu áratugum saman við Templarasund í Reykjavík.



KRISTJÁN X OG ALEXANDRÍNA Ólafur myndaði konungskomuna árið 1921 og var í kjölfarið sæmdur titlinum konunglegur danskur hirðljósmyndari. Þótti það mikill heiður.

Húsbref

Útdráttur húsbrefa

Nú hefur farið fram útdráttur húsbrefa í eftirtöldum flokkum:

- 1. flokki 1991 – 48. útdráttur
- 3. flokki 1991 – 45. útdráttur
- 1. flokki 1992 – 44. útdráttur
- 2. flokki 1992 – 43. útdráttur
- 1. flokki 1993 – 39. útdráttur
- 3. flokki 1993 – 37. útdráttur
- 1. flokki 1994 – 36. útdráttur
- 1. flokki 1995 – 33. útdráttur
- 1. flokki 1996 – 30. útdráttur
- 3. flokki 1996 – 30. útdráttur

Koma þessi bréf til innlausnar 15. janúar 2004.

Öll númerin verða birt í Lögbirtingablaðinu. Auk þess eru númer úr fjórum fyrsttöldu flokkunum hér að ofan birt í Morgunblaðinu laugardaginn 15. nóvember. Upplýsingar um útdregin húsbref má finna á heimasíðu Íbúðalánasjóds: www.ils.is.



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800

jakob@frettabladid.is

Frábærar jólagjafir



Mörkinni 3 s: 588 0640 • Opíð mán.- föst. kl. 11 til 18 laugard. kl. 11 - 15 • www.casa.is